

Fundargerð
aðalfundar SASS
haldinn í Kirkjuhvoli
á Kirkjubæjarklaustri
23. október - 24. október 2025



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Setning ársþings

Anton Kári Halldórsson formaður SASS setur ársþingið og býður þingfulltrúa velkomna á ársþing SASS, þakkar hann Skaftárhreppi fyrir móttökurnar.

Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefnir Einar Kristján Jónsson sveitarstjóra Skaftárhrepps sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Er það samþykkt samhljóða.

Í lok máls felur formaður fundarstjóra stjórn fundarins.

Einar Kristján tekur til máls og býður fundargesti velkomna í Skaftárhrepp á ársþing fund SASS.

Einar gefur Aldísi Hafsteinsdóttur orðið til að tilnefna í kjörbréfanefnd.

Kosning kjörbréfanefndar Aðalfundur SASS

Aldís Hafsteinsdóttir leggur til svohljóðandi tillögu kjörnefndar að kjörbréfanefnd.

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir

Sveinn Ægir Birgisson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Sveitarfélag

Hrunamannahreppur

Sveitarfélagið Árborg

Rangárþing ytra

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfanefnd þegar til starfa.

Starfsskýrsla 2024 – 2025

Anton Kári formaður flytur skýrslu stjórnar. Kynnir hann stjórn sína en haldnir hafa verið 13 fundir frá síðasta aðalfundi.

Grunnhlutverk SASS er að sinna hagsmunagæslu aðildarsveitarfélaganna og leggur stjórnin áherslu á fjölbreytt verkefni sem styðja við það markmið. Haldnir voru þrír upplýsingafundir formanns og framkvæmdastjóra fyrir sveitarstjórnir þar sem farið var yfir verkefni SASS og önnur málefni, hvetur hann sveitarstjórnarmenn til að sækja þessa fundi. Einnig voru haldnir fundir með öðrum landshlutasamtökum ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Á árinu var skrifað undir nýjan samning um Sóknaráætlun Suðurlands, endurnýjaðir voru samningar við SOS og EFS, nýr samningur vegna Orkídeu var undirritaður og samningur um ART verkefnið var framlengdur um eitt ár.

Ræðir hann ART verkefnið en hann vonast eftir að hægt verði að festa verkefnið í sessi, það er mikil ásókn í verkefnið og námskeið sem haldin hafa verið víðs vegar um landið.

Fer hann yfir grunnframlög á sviði byggðapróunar.

Kynnir hann starfsmenn SASS og byggðapróunarfulltrúa. Hann þakkar Bjarna Guðmundssyni fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrir hans störf fyrir samtökin og kynnir nýjan framkvæmdastjóra Ingunni Jónsdóttur. Hann segir bjarta tíma fram undan hjá SASS.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Er starfsskýrsla SASS borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Niðurstöður kjörbréfanefndar um lögmæti fundarins

Sveinn Ægir Birgisson fulltrúi kjörbréfanefndar kveður sér hljóðs og kynnir niðurstöður um lögmæti þingsins.

Kemur fram að kjörnir þingfulltrúar eru 71. Alls eru 56 aðalfulltrúar mættir, 3 varamenn og 12 fjarverandi. Ársþing SASS úrskurðast lögmætur.

Fjárhagsáætlun SASS 2026

Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri SASS tekur til máls og býður fulltrúa velkomna á sitt fyrsta ársþing SASS sem hún stýrir, þakkar hún starfsmönnum sínum fyrir undirbúning fyrir þingið

Ingunn kynnir fjárhagsáætlun ársins 2026 og fer yfir helstu tölur. Gert er ráð fyrir að tekjur verði rúmlega 235 m.kr. og gjöld verði rúmlega 230 m.kr. og rekstarniðurstaðan án fjármagnsliða verði hagnaður að tæplega 4,7 m.kr. Gjald á íbúa verður óbreytt kr. 2.318. en að heildarhækkun á framlögum verði mætt með fjölgun íbúa sem hefur verið um 1200 manns á síðasta ári sem gera um 2,8% hækkun á framlögum frá fyrra ári.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Til máls taka Bragi Bjarnason og Haraldur Þór Jónsson.

Fjárhagsáætlun SASS 2026 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillaga um laun stjórnar og nefnda/ráða

Árni Eiríksson formaður fjárhagsnefndar kynnir tillögu nefndarinnar um laun stjórnar, ráða og nefnda.

Tillaga til aðalfundar SASS 23. október 2025 um laun stjórnar, ráða og nefnda

Laun stjórnarmanna í SASS

1. Kjörnir aðalmenn í stjórn skulu fá greidd föst mánaðarlaun sem nemur 4% af þingfararkaupi. Föst mánaðarlaun formanns skulu nema 14,5% af þingfararkaupi. Forfallist aðalmaður í stjórn

boðar hann sinn varamann sem fær þá greitt sem aðalmaður í stjórn. Forfallist aðalmaður í stjórn af fundi vegna starfa sinna fyrir SASS eða vegna veikinda skal hann halda sínum launum. Forfallist hann af öðrum ástæðum falla launagreiðslur þann mánuðinn niður.

Laun fyrir aðra fundi

2. Fyrir setu í ráðum, starfshópum og nefndum á vegum samtakanna eða vegna verkefna sem þau tengjast og ársþing samtakanna eða stjórn skipar í skal greiða 2% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. - Ekki er greitt fyrir nefndarstarf fyrir aðal- og aukaaðalfundi samtakanna.

3. Fyrir setu í ráðum, starfshópum eða nefndum á vegum ríkisins eða á öðrum samstarfsvettvangi landshlutasamtaka og ársþing samtakanna eða stjórn skipar í, skal greiða 2% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Samþykki stjórn að fulltrúi SASS taki formennsku í slíkum nefndum skal greiða 3% fyrir hvern fund.

4. Fulltrúar í stjórn, ráðum og nefndum skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Tillögur um laun stjórnar, nefnda og ráða eru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Kosning í stjórn og nefndir

Aldís Hafsteinsdóttir formaður kjörnefndar SASS leggur til eftirfarandi tillögur kjörnefndar að skipan í nefndir og ráð samtakanna:

Fræðslunet Suðurlands

Aðalmaður:

Hulda Kristjánsdóttir, Flóahreppur

Varamaður:

Einar Freyr Elínarson, Mýrdalshreppur

Markaðsstofa Suðurlands

Aðalmenn:

Anton Kári Halldórsson, Rangárþing eystra

Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Varamenn:

Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg

Árni Eiríksson, Flóahreppur

Tillögur kjörnefndar í stjórn og nefndir eru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Umræður

Fundarstjóri gefur orðið laust. Til máls taka Haraldur Þór Jónsson, Íris Róbertsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson og Sigurður Ingi Jóhannsson.

Haraldur ræðir um að það þurfi að gera SASS að alvöru afli fyrir sveitarfélögin og sveitarstjórnarmenn þurfi að vera samtaka um að styrkja samtökin. Það er mikilvægt að berjast sameiginlega fyrir hagsmunum svæðisins.

Íris tekur undir með Haraldi, flottur vettvangur sem hægt er að nýta betur en það er samvinna allra að tala við ríkisvaldið, sveitarfélögin eiga ekki alltaf bara að hugsa um sig sjálf. Þarna er stór hópur sem hefur áhrif. Hún vill lyfta hagsmunagæslunni hærra. Hrósar hún stjórninni og býður Ingunni velkomna til starfa.

Arnar Freyr tekur undir það sem fyrir hefur verið sagt. Hann talar um mikilvægi þess að fundarmenn taki virkan þátt í millipinganefndum, mikilvægt að koma öllum röddum að. Einnig þarf að koma upplýsingum og málefnum til sem flestra t.d. þingmanna, í blöðin og almennt á framfæri.

Sigurður Ingi segir að ef sveitarstjórnarmenn standa saman um stóru málin og leggi þau fyrir Alþingi og ríkisvaldið þá er auðveldara fyrir alþingismenn og ráðherra að sækja fram og fylgja þeim eftir.

Farsældarráð á Suðurlandi Arna Ír Gunnarsdóttir verkefnastjóri

Arna Ír segir frá starfsemi farsældarráðs og hlutverki þess á svæðinu. Grunnstoðir farsældar eru menntun, lífsgæði, félagsleg staða, heilsa og vellíðan, öryggi og vernd, þátttaka og félagsleg tengsl. Markmið samstarfsins er að efla og samræma þjónustu við börn og fjölskyldur á Suðurlandi með samþættri, snemmtækri og heildstæðri nálgun. Jafnframt á farsældarráð að vinna að því að styrkja þverfaglegt samstarf og tryggja að farsæld barns sé höfð að leiðarljósi í stefnumörkun og framkvæmd þjónustu í landshlutanum.

Farsældarráð mun vinna að áherslum í samræmi við farsældarlög. Það á að veita samhæfðari og snemmtækari þjónustu við börn og fjölskyldur, fjölga tækifærum barna til náms, frístunda og samfélagslega þátttöku óháð aðstæðum eða bakgrunni. Það er mikilvægt að hafa faglegt samstarf milli þjónustuveitenda, ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila og vera með öflugt forvarnarstarf og stuðningsúrræði sem stuðla að öryggi, velferð og farsælum þroska barna. Vinna á aðgerðaráætlun sem byggir á svæðisbundnum styrkleika og áskorunum. Í grunninn eru börn stærsta fjárfesting sveitarfélaga en um 60% af fjármunum sveitarfélaganna er varið í málefni barna og fjölskyldna. Börn eru stærsti og mikilvægasti innviður sjálfbærs sveitarfélags. Endurtekin áföll í barnæsku leiða til áhættuhegðunar og geta afleiðingar verið gríðarlegar fyrir

þau börn sem verða fyrir þeim. Afleiðingar koma fram í þeim ákvörðunum sem börnin taka í kjölfarið.

Afleiðingar áfalla barna í æsku eru gríðarlega dýrar og koma fram í auknu álagi á heilbrigðiskerfið, aukinni lyfjanotkun, meiri endurhæfingu, auknu álagi á réttarvörslukerfið og síðar í auknum úrgjöldum á bóta, mennta- og félagskerfi o.fl. Það er mikilvægt að grípa börn snemma. Að bjóða upp á t.d. foreldrafærnisnámskeið, þar sem foreldrum er veitt tæki og tól til þess að taka á hegðunarvanda, getur dregið úr beiðnum greininga og aðkomu skólaþjónustu, það eykur líkur á að barn fari í framhaldsskóla.

Arna Ír hvetur kjörna fulltrúa til að sýna hugrekki og fjárfesta í forvarnarverkefnum, það muni skila sér til lengri tíma lítið.

Fer hún yfir hvernig farsældarráð Suðurlands verður skipað. Þar munu sitja fulltrúar frá sveitarfélögum, þjónustunotendur og þjónustuveitendur. Það er mikilvægt að fá þekkingu frá sérfræðingum sveitarfélaga á sviði fjölskyldu-, fræðslu- og frístundamála inn í ráðið. Framkvæmdahópur verður tilnefndur og er gert ráð fyrir að hann fundi oft og gegni lykilhlutverki í að brúa bilið milli stefnumótunar og framkvæmda, fylgi ákvörðunum ráðsins og kortleggi og greini svæðisbundna styrkleika og áskoranir.

Að lokum ræðir hún um að það hafi allir hlutverki að gegna og það þarf að hafa í huga að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Til máls tekur Aldís Hafsteinsdóttir.

Kynning á samþykktarbreytingum. Ása Valdís Árnadóttir og Eyrún Fríða Árnadóttir fara yfir tillögur Allsherjarnefndar

Ása Valdís og Eyrún Fríða kynna tillögur nefndarinnar um breytingu á samþykktum samtakanna. Tillögurnar verða teknar til umfjöllunar samhliða afgreiðslu Allsherjarnefndar, samkvæmt samþykktum.

Sóknaráætlun Suðurlands og hlutverk byggðapróunarfulltrúa. Lína Björg Tryggvadóttir verkefnastjóri og teymi byggðapróunarfulltrúa á Suðurlandi

Lína Björg fer yfir hlutverk byggðapróunarfulltrúa.

Á Suðurlandi starfa 9 fulltrúar á 7 svæðum. Vinna þau hvert fyrir sitt atvinnusóknarsvæði. Byggðapróunarfulltrúi styður við þróun byggðar á sínu starfssvæði með virkri þátttöku hagaðila s.s. íbúa, fyrirtækja, sveitarfélaga og SASS.

Það þarf að skoða hlutverkin og hvernig sé best að samþætta þau. Spyr hún hvað vill sveitarstjórnarfolk sjá og fá frá byggðapróunarfulltrúum, hvernig sé hægt að þjóna sveitarfélögunum sem best?

Hlutverk byggðapróunarfulltrúa er ráðgjöf og handleiðsla, upplýsingaöflun, kynningarmál og upplýsingamiðlun, svæðisbundin verkefnaþróun og verkefnavinna. Þeir aðstoða hagsmunaaðila með umsóknir og annað sem til þarf til að sækja um t.d. í Uppbyggingarsjóð Suðurlands en úthlutað er úr sjóðnum annars vegar í flokki menningar- og hins vegar í flokki atvinnu- og nýsköpunarverkefna.

Ræðir hún um Sóknaráætlun Suðurlands en það er stefnuplagg um stjórnskipulag og hlutverk sem það fylgir. Fjórir meginþættir sem sóknaráætlunin byggir á eru atvinna og nýsköpun, samfélag, umhverfi og innviðir. Hlutverk SASS er að ákvarða hlutverk samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Suðurlands og staðfesta úthlutunarreglur og áhersluverkefni í samvinnu við fagrað úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

Fer hún yfir úthlutanir 2024 –2025. Haustið 2024 voru umsóknir 86 og var úthlutað 40,1 m.kr til 53 verkefna, vorið 2025 voru 132 umsóknir og var úthlutað 42,2 m.kr. til 64 verkefna.

Pallborðsumræður

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri í Bláskógabyggð, Eyrún Fríða Árnadóttir formaður bæjarráðs Hornafjarðar, Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri í Flóahreppi, Hugrún Harpa Reynisdóttir forstöðumaður Nýheima, Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri SASS og Stefán Friðrik Friðriksson byggðapróunarfulltrúi í Rangárvallarsýslu taka þá í pallborðsumræðum. Salurinn sendir spurningar í gegnum Slido.

Hvað teljið þið að hafi gengið vel eftir að byggðapróunarfulltrúar voru ráðnir? Þau eru öll á því að eftir að byggðapróunarfulltrúarnir voru ráðnir hafi náðst betri tenging við sveitarfélögin og SASS og eins eru félögin sem heyra undir SASS að fá betri tengingu líka. Samvinna allra er mikilvæg. Það skiptir máli að sveitarfélögin nýti sér og séu í sambandi við fulltrúana, eins er mikilvægt að fá þá inn á fundi til að upplýsa um stöðu mála og miðla þeirri þekkingu sem þeir afla í sínu starfi. Það hefur orðið betri tenging við grasrótarhópa og aðila af erlendum uppruna. Samstarfsverkefni sveitarfélaga og byggðapróunarfulltrúa í gerð atvinnustefnu tókst mjög vel og tóku nánast öll sveitarfélögin þátt í því verkefni.

Eru önnur tækifæri sem væri hægt að grípa?

Þau eru öll á því að það sé hægt að grípa fleiri tækifæri og jafnvel í einstökum verkefnum eins og t.d. með ungmennaráðum. Það er mikilvægt að taka umræðuna til að fá hugmyndir að fleiri verkefnum og eins þarf að muna eftir að leita til þeirra.

Hverjar eru helstu áskoranir?

Þau eru sammála um að starf byggðapróunarfulltrúa felur í sér að koma verkefnum af stað og leiðbeina en ekki að klára þau. Mikilvægt er að tryggja nægan tíma til úrvinnslu verkefna og að virkja aðra til að taka við þeim. Fjármögnun starfsins þarf að vera tryggð til framtíðar. Skýr kynning á hlutverki og mikilvægi byggðapróunarfulltrúa er nauðsynleg, bæði innan stofnana og út á við. Aðgengi að samstarfsaðilum og að þeir séu ekki staðsettir í sama húsnæði getur verið áskorun. Hópurinn er öflugur og bjartir tímar eru fram undan ef byggðapróunarfulltrúar eru nýttir sem best.

Er ekki mikilvægt að mæla árangur?

Það er viðurkennt að mikilvægt sé að mæla árangur. Það er gott að mæla t.d. fjölda umsókna, fjölda atvinnuskapandi verkefna og nýrra starfa. Sum verkefni eru þó langtímaverkefni sem getur verið erfitt að mæla. Nefnt er verkefnið "Heimahöfn á Höfn" þar var farið í að kanna hvernig íbúum líður. Eru sveitarstjórnarmenn hvattir til að kynna sér það verkefni.

Hvaða áhrif hafði það að Ölfus tók ekki þátt í að móta atvinnustefnu í neðri hluta Árnessýslu? Það er mikilvægt að horfa til allra sveitarfélaga sem mynda sama atvinnusóknarsvæði. Í þessu tilfelli var Ölfus að gera sína eigin atvinnustefnu en mikilvægt er að horfa á þessar tvær atvinnustefnur saman í framhaldi því þær þurfa að styðja hvor aðra. Öll sveitarfélögin ættu að vinna saman að svona málum.

Hvernig er hægt að tryggja að byggðapróunarverkefni byggi upp svæðin en eru ekki bara að hjálpa einstaklingum?

Það er alltaf samspil þarna á milli og saman vinna þau að heildarmynd. Það er mikilvægt að sveitarstjórar séu upplýstir um hvað er í gangi í þeirra sveitarfélagi. Sveitarfélögin eru misjöfn og misstór þannig að þetta er fjölbreytt.

Hafa byggðapróunarfulltrúar náð að breyta þróun eða sýn byggða?

Þessi vinna hefur ekki verið lengi í gangi og því ekki komin reynsla á breytingar en unnið er að jákvæðri ímynd íbúa og það er klárlega meira gagn í fulltrúum en ekki.

Samningurinn við SASS er bara til 5 ára hvernig sjáið þið framhaldið?

Fram kom að mikil tækifæri felist í áframhaldandi þróun byggðapróunarverkefnisins. Nýta þurfi tímann til að eiga markviss samtöl um framtíð verkefnisins og hvernig það geti þróast til lengri tíma. Tryggja þarf áframhaldandi fjármögnun og að byggðapróunarstarfið verði viðvarandi þáttur í þróun svæðisins. Sveitarfélögin þurfa að nýta sér þjónustu byggðapróunarfulltrúa í verkefnum sem efla svæðið. Hvetja þarf sveitarstjórnarmenn til að kalla þá inn á fundi. Byggðapróunarstarfið er víðtækt og eflir verkefni sem eru í gagni á Suðurlandi.

Formenn nefnda kynna niðurstöður nefndastarfs

Atvinna- og nýsköpun

Helga Jóhanna Harðardóttir og Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir taka til máls og leggja fram tillögur nefndarinnar á ársþingi 2025.

Samfélag

Brynhildur Jónsdóttir og Sandra Sigurðardóttir taka til máls og leggja fram tillögur nefndarinnar á ársþingi 2025.

Umhverfi

Jóhannes Gissurarson tekur til máls og leggur fram tillögur nefndarinnar á ársþingi 2025.

Innviðir

Arnar Freyr Ólafsson tekur til máls og leggur fram tillögur nefndarinnar á ársþingi 2025.

Fjárhagsnefnd

Árni Eiríksson tekur til máls og leggur fram tillögur nefndarinnar á ársþingi 2025.

Allsherjarnefnd

Árni Eiríksson tekur til máls og leggur fram tillögur nefndarinnar á ársþingi 2025.

Umræður og ályktanir

Fundarstjóri tilkynnir að fyrst verði nefndarálit afgreidd og viðbóta- og breytingatillögur fái efnislega meðferð og afgreiðslu þegar tillögur nefnda hafa verið teknar til umræðu

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd

Tillaga nr. 1 - Ályktun um skattastefnu og áhrif á atvinnulíf

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt með meirihluta atkvæða. Tveir greiða atkvæði gegn tillögunni.

Samþykkt tillaga:

Árสปing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október, harmar þá þróun að skattastefna stjórnvalda hafi verið mörkuð án nægilega ítarlegra greininga á áhrifum hennar á atvinnulíf á landsbyggðinni. Ályktun ársþingsins frá 2024 um tekjur af auðlindum til nærsvæða hefur ekki skilað sér í aukinni hlutdeild til sveitarfélaga eða samfélaga. Skattastefnan hefur leitt til neikvæðra áhrifa eins og samdráttar og fækkunar starfa með þeim afleiðingum að atvinnulíf á Suðurlandi veikist. Árสปing SASS hvetur því stjórnvöld til að taka til skoðunar hvernig hægt sé að tryggja að tekjur af auðlindum svæðisins renni til viðkomandi sveitarfélaga til að styrkja innviði og atvinnulíf í stað þess að verða eingöngu tekjustofn fyrir ríkissjóð.

Tillaga nr. 2 - Ályktun um afhendingaröryggi og orkuauðlindir

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna, til máls tekur Haraldur Þór Jónsson og leggur fram breytingartillögu.

Breytingartillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillagan nr. 2 er borin undir atkvæði með áorðnum breytingum og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Árสปing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október skorar á stjórnvöld að tryggja fullt afhendingaröryggi raforku um land allt. Til að ná þessu markmiði er lögð áhersla á að flýta uppbyggingu og endurnýjun flutnings- og dreifikerfis raforku sem er forsenda fyrir orkuskiptum. Tryggja verður að kostnaði við uppbyggingu dreifikerfis raforku verði dreift jafnt á alla notendur raforku en í dag er einungis kostnaði við uppbyggingu flutningskerfis á raforku dreift jafnt á notendur raforku. Taka ætti upp ívilnanir til stórnotenda raforku noti þeir orkuna innan kjördæmisins. Jafnframt hvetur þingið stjórnvöld til að endurskoða skattastefnu sem íþyngir notkun jarðefnaeldsneytis þar sem nægt rafmagn er ekki enn aðgengilegt fyrir orkuskipti og að vinna að lausnum sem tryggja næga orku fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi á landsvísu.

Tillaga nr. 3 - Ályktun um iðngreinar og menntun

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Til að standa undir nauðsynlegri uppbyggingu á Suðurlandi og tryggja að iðngreinar á svæðinu dafni skorar Árสปing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október, á stjórnvöld og menntastofnanir að tryggja aukið og fjölbreytt framboð af iðnnámi á svæðinu. Með því er tryggt að aðgengi sé að iðnmenntuðu fólki til að mæta þörfum atvinnulífs og samfélags.

Tillaga nr. 4 - Ályktun um íslenskukennslu og inngildingu

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Árþing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október, hvetur ríki, fræðsluaðila og atvinnurekendur á Suðurlandi til að tryggja að fjárframlög til íslenskukennslu fyrir erlent starfsfólk verði efld. Mikilvægt er að þær skerðingar sem koma fram í fjárlagafrumvarpi stjórnvalda verði endurskoðaðar og að stjórnvöld tryggi fullnægjandi fjármagn til að stuðla að inngildingu og starfsþróun erlendra starfsmanna í atvinnulífi á Suðurlandi.

Tillögur nefndarinnar til stjórnar SASS

Greini nánar áhrif skattastefnu: SASS hafi forystu um að láta greina áhrif veiðigjalda, gjöld á ferðaþjónustu og annarrar skattlagningar á atvinnulíf á Suðurlandi og komi niðurstöðum á framfæri við ríkisvaldið. *Tillaga að framkvæmdaaðilum: Byggðastofnun, Markaðsstofa Suðurlands (ferðaþjónusta), aðkeypt þjónusta.*

Hafi samráð um stuðningsumhverfi: Hafi frumkvæði að samtali við stjórnvöld og stoðstofnanir (t.d. Rannís) um hvernig megi einfalda og laga stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun smærri fyrirtækja og frumkvöðla í landbúnaði sérstaklega og annarri matvælaframleiðslu.

Tillaga að framkvæmdaaðilum: Formaður, framkvæmdastjóri og starfsfólk SASS.

Hvetji til forgangs staðbundinna fyrirtækja: Ávarpi stjórnvöld um að skoða kosti þess að veita staðbundnum fyrirtækjum forgang í opinberum útboðum, sérstaklega í ljósi áhrifa af stórfamkvæmdum og fjármagnsflæði úr héraði. Þó með þeim skilyrðum að öllum útboðsskilyrðum sé fylgt.

Tillaga að framkvæmdaaðilum: Formaður, framkvæmdastjóri og starfsfólk SASS.

Greining á iðnmenntun: Stjórn SASS er hvött til að hafa frumkvæði að greiningarvinnu á þörf fyrir iðnmenntun á svæðinu. Lögð er áhersla á að kanna hver staðan er núna í móttöku nýrra nemenda í iðnmenntun til að meta hvort framboð sé í samræmi við þarfir atvinnulífsins. *Tillaga að framkvæmdaaðilum: Framkvæmdastjóri, starfsfólk SASS og/eða Háskólafélag Suðurlands. (mögulega áhersluverkefni)*

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillögur nefndarinnar. Enginn tekur til máls.

Tillögurnar eru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Samfélagsnefnd

Tillaga nr. 1 - Fjarnám og háskólamenntun.

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna, til máls tekur Arna Ír Gunnarsdóttir og leggur fram breytingartillögu.

Breytingartillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillagan er borin undir atkvæði með áorðnum breytingum og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Ársping SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október, leggur til við stjórn SASS að hún beiti sér fyrir því að framboð náms í fjarnámi við háskóla landsins verði aukið.

Tillaga nr. 2 - Heimavist Fjölbrautaskóla Suðurlands

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Ársping SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október, leggur til við stjórn SASS að hún beiti sér fyrir því að húsnæðismál heimavistar FSu verði leyst fyrir veturinn 2026-2027.

Tillaga nr. 3 - Heilbrigðisþjónusta utan dagvinnutíma

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Ársping SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október, skorar á ríkisvaldið að tryggja nægt fjármagn til þess að hægt sé að veita heilbrigðisþjónustu á kvöldin og um helgar á heimilum fólks óháð búsetu. Með því er stigið stórt skref í átt að markmiði aðgerðaráætlunarinnar „Gott að eldast“ um að fólk geti búið í sjálfstæðri búsetu á eigin heimili sem lengst.

Tillaga nr. 4 - Uppbygging húsnæðis Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna, til máls tekur Ásgerður K. Gylfadóttir og leggur fram breytingartillögu.

Fundarstjóri gefur orðið laust um breytingartillöguna. Til máls taka Anton Kári Halldórsson, Sveinn Ægir Birgisson, Kjartan Björnsson, Lilja Einarsdóttir, Haraldur Þór Jónsson, Helga Lind Pálsdóttir og Ásgerður K. Gylfadóttir.

Breytingartillagan er borin undir atkvæði og felld með meirihluta atkvæða.

Nei segja fulltrúar 28.

Já segja fulltrúar 17.

Upphafleg tillaga nr. 4 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Árสปing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október, skorar á ríkisvaldið að setja uppbyggingu, endurbætur og viðhald Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi í forgang.

Tillögur nefndarinnar til stjórnar SASS

Tillaga nr. 1: Samfélagsnefnd leggur til við stjórn SASS að hún vinni markvisst með íslenskum háskólum til að efla framboð á fjarnámsleiðum. Þetta gæti falið í sér að auka námskeiðsframboð, námsleiðir og stuðning við fjarnema, með sérstakri áherslu á aðgengi fyrir íbúa á landsbyggðinni. Nemendum verði tryggt jafnt aðgengi að námsþjónustu s.s. námsráðgjöf, fjarkennslu og bókasafnsþjónustu, óháð staðsetningu.

Tillaga nr. 2: Samfélagsnefnd telur brýnt að gripið verði til tafarlausra aðgerða til að bæta úr stöðu heimavistar við FSu. Heimavist við FSu er forsenda þess að nemendur úr dreifðari byggðum Suðurlands hafi jöfn tækifæri á við önnur ungmenni til að stunda nám við skólann. Fundarstjóri gefur orðið laust um tillögur nefndarinnar. Enginn tekur til máls.

Tillögurnar bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Umhverfisnefnd

Tillaga nr. 1 - Stefnumörkun um landnotkun

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna, til máls tekur Haraldur Þór Jónsson.

Tillagan er borin undir atkvæði og felld. Sjö greiddu atkvæði með tillögunni.

Tillaga nr. 1 er þar með vísað frá og ekki tekin til frekari afgreiðslu.

Tillaga nr. 2. - Sjálfbær ferðaþjónusta á Suðurlandi

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

SJÁLFBÆR FERÐAÞJÓNUSTA Á SUÐURLANDI: Ársþing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október, skorar á stjórn SASS að leiða samstillt átak sveitarfélaga á Suðurlandi til að tryggja að tekjur af ferðaþjónustu renni í innviðauppbýggingu, náttúruvernd og þjónustu og að stuðlað verði að aukinni ábyrgð ferðamanna með samræmdum merkingum og fræðslu sem geri ábyrga ferðahegðun að sunnlenskri hefð.

Greinargerð: Sjálfbær ferðamennska

Sunnlendingar eru þekktir fyrir gestrisni og hefur fjölgun ferðamanna um Suðurland aukist hlutfallslega mest á landinu síðustu misseri. Til að ferðaþjónusta styðji bæði náttúru og samfélag þarf að nýta tekjur af ferðaþjónustunni í innviðauppbýggingu, náttúruvernd og til að auka enn frekar þjónustu. Við hvetjum stjórn SASS til að leiða samstillt átak sveitarfélaga á Suðurlandi til að stuðla að aukinni ábyrgðarkennd ferðamanna er þeir heimsækja sjálfbær samfélög á Suðurlandi. Samræmdar merkingar með leiðbeiningum og upplýsingum á svæðinu gætu innihaldið grípanði orðalag sem einkenndi Suðurland og þannig myndum við gera ábyrga ferðahegðun að sunnlenskri hefð.

Tillaga nr. 3 - Gæludýrahald á Suðurlandi

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna, til máls taka Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Fjóla St. Kristinsdóttir, Helgi Kjartansson, Íris Róbertsdóttir og Einar Freyr Elínarson.

Margrét Harpa tekur til máls að nýju og leggur fram frávísunartillögu þess efnis að vísa tillögu um gæludýrahald á Suðurlandi frá og vísa henni til afgreiðslu stjórnar.

Frávísunartillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillögur nefndarinnar til stjórnar SASS

Tillaga sem var vísað til stjórnar undir tillögu nr. 3 hér á undan.

GÆLUDÝRAHALD Á SUÐURLANDI: Ársþing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24.október, beinir þeim tilmælum til sveitarfélaga á Suðurlandi að endurskoða og samræma samþykktir sínar um hunda, ketti og annað gæludýrahald, með það að markmiði að auka ábyrgð gæludýraeigenda og leysa úr álitamálum og ágreiningi.

Greinargerð: Gæludýrahald á Suðurlandi

Flestar núverandi samþykktir um hunda og kattahald miðast að miklu leyti við þéttbýliskjarna sveitarfélaga. Talsverðar breytingar hafa á undanförunum árum orðið á íbúasamsetningu og búsetu fólks í sveitarfélögum á Suðurlandi. Ör vöxtur frístundasvæða og annarskonar búsetu til

sveita, ásamt samdrætti í hefðbundnum landbúnaði eykur líkurnar á fleiri „gráum svæðum“ í þessum málaflokki. Því er nauðsynlegt fyrir sveitarfélögin að skerpa á þessum samþykktum, með það að markmiði að auka á ábyrgð gældýraeigenda og eyða álitamálum.

Áhersluverkefni 1: Samræmt flokkunarkerfi og innviðagreining

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna, til máls tekur Aldís Hafsteinsdóttir og leggur fram frávísunartillögu um að vísa áhersluverkefni nr. 1 - Samræmt flokkunarkerfi og innviðagreining frá.

Frávísunartillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Áhersluverkefni 1 er þar með vísað frá og ekki tekið til frekari afgreiðslu.

Áhersluverkefni nr. 2 - Samskipti og miðlun - Umhverfis Suðurland

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Áhersluverkefni 2: Samskipti og miðlun – Umhverfis Suðurland: Umhverfisnefnd leggur til við stjórn SASS að endurvekja og efla verkefnið Umhverfis Suðurland sem sameiginlegan fræðslu- og miðlunarvettvang fyrir sveitarfélögin.

Greinargerð: Samskipti og miðlun - Umhverfis Suðurland

Lýsing verkefnis:

Árangur í úrgangsmálum og umhverfisverkefnum byggir ekki eingöngu á tæknilegum lausnum heldur líka á því hvernig samfélagið nálgast úrgang og hvernig hegðun og venjur mótast. Verkefnið „Umhverfis Suðurland“ er sameiginlegur vettvangur sveitarfélaga til að miðla upplýsingum og fræðslu til íbúa, fyrirtækja, frístundahúsa og ferðamanna. Með því að endurvekja og efla verkefnið verður hægt að skapa sameiginlega rödd fyrir allt Suðurland þar sem áhersla er lögð á bæði fræðslu og breytingar á menningu og venjum í úrgangsmálum.

Áhersluverkefni nr. 3 - Kortlagning náttúruvár á Suðurlandi

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna, til máls taka Jón Bjarnason og Haraldur Þór Jónsson.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Áhersluverkefni 3: Kortlagning náttúruvár á Suðurlandi

Árสปing SASS beinir því til stjórnar SASS að ráðist verði í sameiginlegt verkefni allra sveitarfélaga á Suðurlandi um kortlagningu og áhættumat helstu náttúruvár.

Greinargerð: Kortlagning náttúruvár á Suðurlandi

Lýsing verkefnis:

Á Suðurlandi liggur fyrir fjöldi gagna frá m.a. Veðurstofu Íslands og öðrum stofnunum um helstu náttúruvá – svo sem eldgos, jarðskjálfta, ofanflóð, flóð og öfgaveður. Þessi gögn eru þó dreifð og ekki dregin saman á einn stað fyrir sveitarfélögin. Verkefnið felst í að safna saman, samræma og gera þessi gögn aðgengileg sveitarfélögum á Suðurlandi þannig að þau geti nýtt þau til stefnumótunar, skipulags og innviðauppbýggingar.

Innviðanefnd

Tillaga nr. 1. - Ársþing SASS skorar á stjórnvöld að tryggja sveitarfélögum á Suðurlandi nauðsynlegan stuðning við uppbyggingu grunninnviða á sviði vatns- og fráveitumála.

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna, til máls taka Haraldur Þór Jónsson, Íris Róbertsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Daði Geir Samúelsson, Friðrik Sigurbjörnsson og Guðrún S. Magnúsdóttir.

Daði Geir leggur fram breytingartillögu nr. 1.

Friðrik leggur fram breytingartillögu nr. 2.

Fundarstjóri leggur til að innviðanefnd fari yfir tillögur sínar að nýju og geri breytingar í samræmi við umræður og tillögur á fundinum.

Fundarhlé er gert kl. 15:45.

Fundi er framhaldið kl. 15:53.

Arnar Freyr Ólafsson tekur til máls og leggur til að liður iii. í tillögu nr. 1 verði felldur út: “Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga verði áfram í þeim höndum, enda er það órjúfanlegur hluti af skipulagsvaldi sveitarfélaga og tengslum við atvinnulíf.”

Breytingatillaga innviðanefndar er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 1 með áorðnum breytingum er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Ársþing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október, skorar á stjórnvöld að tryggja sveitarfélögum á Suðurlandi nauðsynlegan stuðning við uppbyggingu grunninnviða á sviði vatns- og fráveitumála.

Árspingið leggur sérstaka áherslu á:

- i. Að allar innviðaframkvæmdir sveitarfélaga séu undanþegnar virðisaukaskatti.
- ii. Að ríkið tryggi aukið fjármagn til að mæta brýnni þörf sveitarfélaga vegna fráveitu og vatnsöflunar.
- iii. Að tafarlaus lausn verði fundin á neyðarástandi í Vestmannaeyjum þar sem tryggja þarf varanlega og örugga vatnslögn með aðkomu ríkisins.

Tillaga nr. 2 Árþing SASS skorar á stjórnvöld og Vegagerðina að hraða verulega uppbyggingu samgönguinnviða á Suðurlandi.

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Árþing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október, skorar á stjórnvöld og Vegagerðina að hraða verulega uppbyggingu samgönguinnviða á Suðurlandi.

Árspingið leggur sérstaka áherslu á:

- i. Tvöföldun þjóðveg 1 með aðskildum akstursstefnum frá Rauðavatni að Markarfljóti.
- ii. Að breidd þjóðvegarins verði að lágmarki átta metrar.
- iii. Að komið verði á skýrri og tímasettri áætlun um að tvöfalda allar einbreiðar brýr.
- iv. Að úrbætur verði gerðar á malarvegum og að vegir víðsvegar á Suðurlandi verði breikkaðir.
- v. Að umferðarþung gatnamót verði bætt með aðreinum og fráreinum.

Tillaga nr. 3 Árþing SASS skorar á stjórnvöld að tryggja öruggar og fjölbreyttar samgöngur til og frá Suðurlandi.

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Árþing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október, skorar á stjórnvöld að tryggja öruggar og fjölbreyttar samgöngur til og frá Suðurlandi.

Árspingið leggur sérstaka áherslu á:

- i. Að hafnar verði rannsóknir til að kanna raunhæfni gangna milli lands og Vestmannaeyja.

- ii. Að tryggt verði reglubundið innanlandsflug, bæði til Hafnar í Hornafirði og Vestmannaeyja, með aukinni tíðni ferða.

Tillögur nefndarinnar til stjórnar SASS

- Setja samgöngumál (Ölfusárbrú, malarvegi og einbreiðar brýr) sem forgangsverkefni í samskiptum við Vegagerð og ráðuneyti.
- Hefja sameiginlegt átak sveitarfélaga um ákall um niðurfellingu virðisaukaskatts í öllum innviðaframkvæmdum.
- Koma á sameiginlegu átaksverkefni sveitarfélaga á Suðurlandi um aukið framboð kalds vatns, með sérstakri áherslu á lausn fyrir Vestmannaeyjar.
- Halda uppi umræðu um mikilvægi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.
- Auka samstarf við ríki og aðra hagaðila um framtíðarsýn í innanlandsflugi.

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillögur nefndarinnar. Enginn tekur til máls.

Tillögurnar bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Fjárhagsnefnd

Tillögur fjárhagsnefndar um fjárhagsáætlun 2026 og laun stjórnar og nefnda og ráða voru samþykktar fyrr á fundinum.

Tillögur að ályktunum fyrir ársþing SASS 2025

Tillaga nr. 1

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Ársþing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24.október, skorar á fjárlaganefnd við afgreiðslu fjárlaga að tryggja hækkuð framlög til sóknaráætlunar og byggðapróunar og atvinnuráðgjafar og reksturs áfangastaðastofu.

Ársþing SASS skorar jafnframt á önnur ráðuneyti að koma að fjármögnun sóknaráætlana landshlutanna enda hafa þær sýnt fram á vera skýr og vandaður farvegur fyrir fjármagn inn á svæðin.

Tillaga nr. 2

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna. Enginn tekur til máls.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Árþing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24.október, fagnar þeirri vinnu sem er í gangi varðandi breytingar á lagaumhverfi orkuvinnslu. SASS skorar á alþingi að klára lagasetningu þar að lútandi á komandi vetri svo nærumhverfi njóti eðlilegs ávinnings af orkuvinnslu á svæðinu.

Engar tillögu bárust frá nefndinni til stjórnar SASS.

Allsherjarnefnd

Kosning vegna breytinga á samþykktum.

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillögu allsherjarnefndar um breytingar á samþykktum um að haldnir verði tveir fundir á ári, vor- og haustfundur.

Til máls taka Íris Róbertsdóttir og Bjarni Ásmundsson.

Tillaga allsherjarnefndar um að halda tvo fundi á ári (vor- og haustfund) er borin undir atkvæði með eftirfarandi niðurstöðu:

59 fulltrúar greiddu atkvæði.

Já segja 50 fulltrúar.

Nei segja 8 fulltrúar.

Einn seðill er auður.

Breyting á samþykktum er því samþykkt.

Tillögur nefndarinnar til stjórnar SASS

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillögur nefndarinnar. Enginn tekur til máls.

Tillögunar eru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Samþykktar tillögur:

- Allsherjarnefnd leggur til að stjórn SASS vinni að tillögu um hvernig nefndarstörfum millipinganeftnda verði best fyrirkomið. Ýmsar leiðir hafa verið reyndar til að ná virkni sveitarstjórnarfólks á svæðinu en alltaf á brattann að sækja og erfiðlega gengið að manna nefndir.

- Allsherjarnefnd leggur til að stjórn SASS ásamt starfsfólki SASS vinni tillögu að uppsetningu ársþings með það að markmiði að tími nýtist sem best og þingfulltrúar upplifi að tíma þeirra sé vel varið. Í þessari vinnu verði send könnun á kjörna fulltrúa til að fá fram þeirra sjónarmið.
- Allsherjarnefnd leggur til að stjórn SASS boði til samráðsfunda við fulltrúa sveitarfélaganna a.m.k. 1-2 sinnum á ári þar sem gæfist tækifæri til þess að ræða hin ýmsu mál er snúa að sveitarfélögunum.

Viðbótartillögu frá aðalfundi SASS 24. október 2025.

Fundarstjóri gefur orðið laust um viðbótartillögu eða ályktanir á aðalfundi SASS.

Erla Sif Markúsdóttir tekur til máls og fylgir tillögu úr hlaði um hafnarmál.

Fundarstjóri leggur fram tillögu um að tillagan fái umræður á fundinum og er það samþykkt samhljóða. Fundarstjóri gefur orðið laust um tillöguna.

Íris Róbertsdóttir tekur til máls og leggur fram breytingartillögu nr. 1

Fundarstjóri gefur orðið laust um breytingartillögu nr. 1 til máls taka Haraldur Þór Jónsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Bragi Bjarnason.

Bragi Bjarnason tekur til máls og leggur fram breytingartillögu nr. 2.

Fundarstjóri gefur orðið laust um breytingartillögu nr. 2. Enginn tekur til máls.

Breytingartillaga nr. 2 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Aðaltillaga með áorðnum breytingum er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Ársþing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október, skorar á stjórnvöld að tryggt verði framlag ríkisins til stækkunar hafnarinnar í Þorlákshöfn, einnig verði tryggt að framlag ríkisins í hafnarbótasjóð verði tvöfaldað svo hægt sé að sinna nauðsynlegri uppbyggingu hafna og innviða tengdum þeim.

Hjördís Edda Olgeirsdóttir tekur til máls og fylgir ályktun úr hlaði um dýpkun á Grynnslnum á Höfn.

Fundarstjóri leggur fram tillögu um að ályktunin fái umræður á fundinum og er það samþykkt samhljóða. Fundarstjóri gefur orðið laust um ályktunina. Enginn tekur til máls.

Ályktunin er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Árสปing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24.október, skorar á stjórnvöld að tryggt verði fjármagn til framtíðar til dýpkunar á Grynslunum fyrir utan innsiglinguna til Hafnar og áframhaldandi rannsókna á þeim.

Ása Valdís Árnadóttir tekur til máls og fylgir úr hlaði ályktun um ótilgreint heimilisfang.

Fundarstjóri leggur fram tillögu um að ályktunin fái umræður á fundinum og er það samþykkt samhljóða. Fundarstjóri gefur orðið laust um ályktunina til máls taka Helgi Kjartansson og Fjóla St. Kristinsdóttir.

Ályktunin er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Árสปing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október, lýsir yfir verulegum áhyggjum af fjölgun einstaklinga sem skráðir eru með „ótilgreint heimilisfang“, einkum í sveitarfélögum þar sem frístundabyggð er umfangsmikil og af þeirri hættu sem skapast þegar hvatt er til slíkra skráninga í þeim tilgangi að hafa áhrif á sveitarstjórnarkosningar. Slíkt grefur undan trausti, jafnræði og lýðræðislegum ferlum og skapar óvissu í stjórnsýslu og skipulagi sveitarfélaga. SASS skorar á stjórnvöld að endurskoða lög um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018 með það að markmiði að tryggja gegnsæi, traust og lýðræðislegan stöðugleika í sveitarstjórnarmálum.

Anton Kári Halldórsson tekur til máls og fylgir úr hlaði ályktun um ART verkefnið.

Fundarstjóri leggur fram tillögu um að ályktunin fái umræður á fundinum og er það samþykkt samhljóða. Fundarstjóri gefur orðið laust um ályktunina. Enginn tekur til máls.

Ályktunin er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Árสปing SASS, haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október, skorar á ríkisvaldið að tryggja fé og framlengja samning ríkisins við ART verkefnið á Suðurlandi og hækka framlögin miðað við verðlagsþróun.

Jón Bjarnason tekur til máls og fylgir úr hlaði ályktun um kjaradeilur flugumferðastjóra. Fundarstjóri leggur fram tillögu um að ályktunin fái umræður á fundinum og er það samþykkt samhljóða. Fundarstjóri gefur orðið laust um ályktunina. Enginn tekur til máls.

Ályktunin er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Samþykkt tillaga:

Árสปing SASS haldið á Kirkjubæjarklaustri 23.-24. október, skorar á stjórnvöld að grípa strax inn í kjaradeilu flugumferðastjóra með lagasetningu og stöðva þá óvissu sem liggur yfir ferðapjónustu á Íslandi. Ferðapjónusta á Suðurlandi er undirstöðuatvinnugrein landshlutans sem á allt undir samgöngum á Keflavíkurflugvelli og á ekki að búa við óvissu sem þessa. Tryggja þarf ríkissáttasemjara strax með lögum úrræði til að koma í veg fyrir verkfall sem boðað hefur verið.

Löggæsla á Suðurlandi, helstu áskoranir og tækifæri

Arndís Soffía Sigurðardóttir og Grímur Hergeirsson

Grímur fer yfir helstu áskoranir og tækifæri í löggæslu á Suðurlandi. Svæðið er víðfeðmt með 14 sveitarfélög, tæplega 31.000 íbúa, um 8.000 sumarhús og 5.100 km af vegakerfi. Mikill vegapungi, fjöldi ferðamanna og náttúruvá (s.s. Hekla, Katla, Öræfajökull, Eyjafjallajökull, jökulhlaup og jarðskjálftar) skapa áskoranir í öryggismálum. Skipulögð brotastarfsemi hefur aukist en unnið er í nánú samstarfi við lögregluna á landsvísu enda eru engin landamæri í slíkri starfsemi. Embættið upplifir mikinn vöxt í verkefnum og málum, bæði í umfangi og fjölda. Starfsfólkið er afar öflugt og hefur unnið að því að efla starfsemi embættisins á öllu svæðinu. Á síðustu tveimur árum hafa verið gerðar skipulagsbreytingar. Svæðinu var skipt upp í austur-, mið- og vestursvæði. Þetta skilar betri vaktaskiptingu og auknum sveigjanleika. Á austur- og miðsvæði er vakt frá kl. 8–16 alla daga, sem bætir þjónustuna. Ræðir hann um verkefnið Öruggara Suðurland, með því verkefni hefur aukist samfélagsgæsla sem skapar frekari tækifæri til þróunar. Ályktun frá SASS þingi um öruggara samfélag skilaði sér í þessu verkefni. Lögreglan á Suðurlandi tekur þátt í stýrihópi um skipulagða brotastarfsemi og vinnur virkt að rannsóknum sem eflir rannsóknargetu embættisins. Kennslanefnd starfar innan umdæmisins á landsvísu. Í sumar opnuð var ný lögreglustöð í Vík. Unnið er að endurbótum á stöðinni á Selfossi en húsnæðið er orðið of lítið. Starfsmenn embættisins eru um 100 talsins. Ungt fólk hefur áhuga á að vinna við löggæslu og er það gott.

Að lokum ræðir hann um að það skiptir máli að hafa skýra framtíðarsýn en lögreglan á Suðurlandi hefur það markmið að verða framsækin vinnustaður með fagmennsku, umhyggju og samvinnu að leiðarljósi.

Fundarstjóri gefur orðið laust, til máls tekur Ása Valdís Árnadóttir.

Arndís tekur til máls og ræðir um verkefnið Öruggara Suðurland sem er öflugur samráðsvettvangur sveitarfélaga og stofnana, en tilgangurinn er að móta aðgerðir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum á Suðurlandi. Verkefnið á uppruna sinn í Vestmannaeyjum sem tilraunaverkefni en hefur nú verið útvíkkað um allt Suðurland. Fer hún yfir aðildaraðila að teyminu sem halda reglulega fundi, einnig eru boðaðir fundir ef eitthvað þarf að taka sérstaklega fyrir.

Það hefur verið mikill kraftur í forvarnarstarfi, fara þau m.a. í 5. og 9. bekk, einnig fara þau inn í mötuneytin í skólunum, þetta er gert til að efla traust. Einnig fara þau í leikskóla, félagsmiðstöðvar o.fl.

Verkefnið er að þróast og þau vilja vera í takt við samfélagið en það þarf að endurskoða verkefnið. Það er ástæða til að útvíkka samráðsvettvanginn. Íþróttafélög hafa meðal annars sýnt verkefninu áhuga. Einnig þarf að skoða verkefnið út frá áherslubreytingu í ljósi tilkomu farsældarráðs barna. Hvetur hún aðila að fylgjast með samfélagslöggunni á samfélagsmiðlunum Instagram og Facebook.

Fundarlok aðalfundar SASS kl. 17:31 en hlé er gert á dagskrá þar til á morgun.

Einar Kristján Jónsson setur og slítur aðalfundi SASS kl. 11:55 föstudaginn 24. október og þakkar fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 11:56.

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.